

Sp. 279. Tillaga til þingsályktunar

um ljóskastara í skipum.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum um eftirlit með skipum og setja nú þegar reglugerð, er skyldar skipaeigendur að hafa góða og öfluga ljóskastara í skipum sínum, og að reglugerðin verði samín í samráði við Slysavarnafélag Íslands.

Greinargerð.

Þáttill. þessi þarf í rauninni ekki skýringa við. Öllum hlýtur að vera ljóst, hversu örlagaríkt það getur verið fyrir mannlífín á hafinu í svartamyrkri og vondum veðrum, að um borð í hverju skipi sé góður ljóskastari, ef svo slysalega vill til, að maður falli fyrir borð.

Reynslan á hafinu hefur margsinnis sannað, í hve góðar þarfir ljóskastari í skipi getur komið og hversu hörmulegar afleiðingar það getur haft að vera án hans, þótt hér skuli ekki tilgreind dæmi.